


SVEITARSTJÓRN DALABYGGÐAR

Úr dagbók sveitarstjóra, framlagt
á 255. fundi þann 10. apríl 2025




Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 669 íbúar samkvæmt Íbúasýn mv. 2. apríl sl. og er sú tala óbreytt frá því í byrjun febrúar.

Seinni umræða um ársreikning Dalabyggðar fyrir árið 2024 fór fram hér fyrr á fundinum. Vil ég hér ítreka þakkir mínar til allra þeirra sem að þeirri umfangsmiklu vinnu hafa komið sem og öllum starfsmönnum Dalabyggðar fyrir þeirra þátt í því að útkoman er eins og raun ber vitni.



Framkvæmdir við uppbyggingu íþróttamannvirkja hafa gengið vel og er verkið á áætlun að mestu. Tíminn flýgur áfram og nú þarf að fara að huga að þeim þætti sem snýr að rekstri mannvirkisins því 4. febrúar 2026 verður runninn upp fyrr en varir. Nú loks er búið að koma upp myndavélum við verkið þannig að við áformum að setja inn á hlekk á heimasíðu reglulega myndir af framvindunni. Einnig tók íbúi hér í Búðardal, Brynjólfur Gunnarsson, mjög góðar yfirlitsmyndir með dróna í blíðviðrinu sl. föstudag sem við fengum að deila m.a. á Facebook síðu sveitarfélagsins. Set hér með hlekk á heimasíðu Dalabyggðar þar sem framvinda verksins er aðgengileg: <https://dalir.is/ithrottamidstod-framvinda-i-myndum/>



Aðalfundur SSV, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, var haldinn 26. mars sl. Sama dag voru haldnir aðalfundir Sorpurðunar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands, Símenntunar og Starfsendurhæfingar. Fulltrúi Dalabyggðar í stjórn SSV er Ingibjörg Þóranna Steinudóttir oddviti okkar, í stjórn heilbrigðiseftirlitsins er Skúli Hreinn Guðbjörnsson, í stjórn Símenntunar situr Jóhanna María Sigmundsdóttir og Einar Jón Geirsson er í stjórn Starfsendurhæfingar.



Á fyrrgreindum aðalfundi SSV var m.a. fjallað um stöðu vegamála í ljósi ákalls sem sent var til forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar allrar þann 20. febrúar sl. Samþykkt var ályktun á fundinum þar sem sagði m.a. annars:

„Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi haldinn í Borgarnesi 26.03 2025 skorar á ríkisstjórn Íslands að samþykkja neyðarfjárveitingu til viðhalds og endurbóta vega á Vesturlandi. Þrátt fyrir ítrekaðar ályktanir og ábendingar undanfarin ár um ástand þessara vega hefur lítið áunnist og í febrúar sl. keyrði um þverbak þegar tilteknir vegarkaffar urðu nær ófærir vegna hættulegs ástands.“

Vegagerðin hefur lagt fram tillögur um forgangsöröðun viðhaldsverkefna á Vesturlandi á þessu ári og til næstu þriggja ára. Þau verkefni munu leysa úr brýnustu þörfinni og tryggja lágmarksöryggi fyrir vegfarendur og að atvinnulífið á Vesturlandi haldi takti. Það er nauðsynlegt að nú þegar verði brugðist við þessu neyðarástandi og fjármagni veitt til brýnustu verkefna sem Vegagerðin hefur forgangsraðað á Vesturlandi.“

Enn hefur ekkert fengist staðfest um hvort viðbótarfjármagni verði veitt í brýnustu úrlausnarefni á árinu 2025 og er það miður, klukkan tifar og með hverjum deginum sem líður þessar vikurnar minnka líkur á því að takist að fara í nauðsynlegar lagfæringar í sumar. Sú staðreynd vekur vægast sagt áhyggjur en við höldum áfram að tala máli okkar gagnvart ríkisvaldinu.


Neðangreindar myndir eru teknar af vef Vegagerðarinnar og segja allt sem segja þarf, þ.e. að Vesturland og syðsti hluti Vestfjarða eru á allt öðrum stað en aðrir landshlutar, hvað ástand vega snertir.



Óformlegt samtal okkar í Dalabyggð við sveitarstjórn Húnaþings vestra um að skoða kosti þess og galla við að sameina þessi tvö landstóru sveitarfélög er í fullum gangi og hafa verið haldnir þrír fundir starfshóps sem skipaður var og einn sameiginlegur fundur sveitarstjórnanna beggja. Vel sóttir íbúafundir voru haldnir núna í vikunni, hér í Dölum 8. apríl í Dalabúð og 9. apríl í Félagsheimilinu á Hvammstanga. Einnig höfum við sveitarstjórar sveitarfélaganna tveggja átt óformlega fundi m.a. með innviðaráðherra og forstöðumanni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.



Við fengum til okkar góða gesti hér í stjórnarsýsluhúsið 31. mars sl. þegar nokkrir nemendur og kennarar tónlistans okkar í Auðarskóla komu og spiluðu og sungu vel valin lög. Mjög skemmtilegt framtak skólans og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir mjög svo skemmtilega stund. Sama dag fór sami hópur einnig í MS hér í Búðardal og Silfurtún og léku þar og sungu. Við eigum svo sannarlega efnilegt tónlistarfólk hér í Dölum og ánægjulegt að sjá gróskuna í tónlistarskólanum okkar.



Undirbúningur vegna áforma um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis hér í Búðardal er í fullum gangi. Þessa dagana eiga sér stað samtöl af hálfu fulltrúa í starfshópi sem við erum með okkur til fulltingis við þá sem lýst hafa yfir áhuga á að koma að uppbyggingunni. Vonandi verða frekari tíðindi af stöðu mála upp úr páskum.

Leigufélagið Bríet hefur nú sent inn umsókn um byggingarleyfi um byggingu parhúss við Borgarbraut. Vonandi fer sú framkvæmd af stað sem fyrst því vöntun er svo sannarlega til staðar á húsnæði hér í Dölum. Fleiri aðilar hafa verið í samskiptum við okkur um mögulegar framkvæmdir og er vonandi að hér fari af stað frekari framkvæmdir í byggingu íbúðarhúsnæðis á næstu misserum.



Svæðisfulltrúar UMFÍ voru á ferðinni hér í Búðardal fyrr í mánuðinum og áttu fund með undirrituðum, lýðheilsufulltrúa og formanni UDN þar sem ræddir voru þeir samstarfs- og samvinnufletir sem kunna að vera til staðar í málefnum íþróttá- og tómstundastarfs.

Sambandsþing UDN, Ungmennasambands Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga, var haldið 2. apríl sl. í Dalabúð. Íþróttamanneskja UDN var útnefnd og hlaut Jóhanna Vigdís Pálmadóttir þá nafnbót. Á þinginu var UDN veitt viðurkenning sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ og veitti formaður UDN viðurkenningunni móttöku. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ er gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar er snýr að íþróttastarfi. Íþróttafélög og deildir innan félaga geta sótt um viðurkenningu til ÍSÍ að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þegar viðurkenning hefur verið veitt gildir hún í fjögur ár. Það er ánægjulegt að UDN hafi fengið þessa viðurkenningu og ber það öflugtu starfi vott, til hamingju UDN !



Undirritaður tók þátt í málþingi sem var haldið á Hótel Hamri þann 3. apríl sl. undir yfirskriftinni „Er Vesturland aðlaðandi búsetukostur fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu?“ Þar komu saman fulltrúar ferðaþjónustunnar, sveitarfélaga og annarra hagaðila til að ræða móttöku, inngildingu og búsetuskilyrði á svæðinu fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu.

Málþingið var haldið í samstarfi Áfangastaða- og Markaðsstofu Vesturlands, Samtaka ferðaþjónustunnar og Hæfniseturs ferðaþjónustunnar. Mitt innlegg á fundinum snerist um mögulegar aðgerðir og lausnir sveitarfélaga til að efla samfélagið og efla ímynd og auka aðdráttarafl sveitarfélaga, auka lífsgæði og laða að nýja íbúa til að koma og setjast að og nýttist mér vel sú vinna sem við hér í Dalabyggð höfum verið í undanfarið við smíði á „verkfærakistu“ til að nota í t.a.m. ímyndarvinnu.



Fundur með fulltrúum fjallskilanefnda fór fram í vikunni og var haldinn að Laugum. Góð mæting var á fundinn og úr öllum fjallskilanefndum sveitarfélagsins. Til umræðu var gildandi fjallskilasamþykkt og tillögur að breytingum á henni en sú samþykkt sem í gildi hefur verið er síðan árið 2011. Hér fyrir á fundinum var tekin til afgreiðslu við fyrri umræðu uppfærð fjallskilasamþykkt sem byggir á umræðum bæði innan sveitarstjórnar sem og á fyrrnefndum fundi. Stefnt er að seinni umræðu um uppfærða fjallskilasamþykkt á næsta fundi sveitarstjórnar.



Félagsheimilið Árblik er nú komið í söluferli skv. ákvörðun byggðarráðs. Óskað er tilboða í eignina.

Sameiginleg fundarröð Bændasamtaka Íslands og atvinnuvegaráðherra er nú í gangi og mættum við nokkur hédan úr Dölunum á fund sem haldinn var í gærkvöldi á Hótel Hamar. Fjölmennt var á fundinum og umræður góðar og ljóst að bændur eru mjög samstíga í áherslum sínum nú í aðdraganda þess að viðræður um nýjan Búvörusamning eru í farvatninu.



Árshátíð Auðarskóla verður haldin í dag kl. 17:00 í Dalabúð. Það er ljóst að um er að ræða líkt og fyrri ár metnaðarfulla dagskrá og verður spennandi að sjá og heyra.

Ég hvet sem flesta til að mæta og njóta skemmtunarinnar.



Árshátíð Auðarskóla 2025

Fimmtudaginn 10. apríl.
kl. 17.00 í Dalabúð.
Húsið opnar kl. 16:30.
Sýnd verða leikritin:
Geimurinn,
Hnubbi Lubbi frá Rjómabúi
Stubba,
Svikastrumpur,
Strákurinn úr borginni,
Mamma mía,
Sjoppa og posi.
Alment verð: 1500kr
Eldri borgarar: 1000kr
Frítt fyrir nemendur skólans.

Að lokum vil ég minna á Jörvagledina okkar í lok apríl, dagskráin hefur verið gefin út og ber merki um metnað og fjölbreytni. Vil ég þakka öllum þeim sem hafa komið að undirbúningi og utanumhaldi því svona dagskrá er ekki hrist fram úr erminni án góðs undirbúnings.

Tökum öll þátt og ræktum saman okkar góða samfélag hér í Dölum.

BBÞ – 10/04/2025

